

14. gr.

Útfararstofnanir skulu í störfum sínum hafa til hliðsjónar siðareglur sem gilda fyrir útfararstofnanir í Evrópu (Association Européenne de Thanatologie - AET).

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 21. gr. laga nr. 36 4. maí 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um holræsi í Grýtubakkahreppi
nr. 352/1972, sbr. reglugerð nr. 328/1977.**

1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði Grýtubakkahrepps, en til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga við götuna, veg eða opin svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða stofngjald, sem nemur kr. 154 á hvern rúmmetra húseignarinnar. Miðað er við byggingarvísitölu 200 stig og framreiknast samkvæmt þeirri vísitölu. Stofngjaldið skal greiðast áður en tenging við aðalæð er leyfð.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 10. apríl 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinnsson.

Sesselja Árnadóttir.